



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 67. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

### 8. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 21. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

- Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 19. fundar frá 15. maí 2025.**  
Lögð fyrir fundargerð 19. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar ásamt dagskrá og drögum að kostnaðaráætlun vegna Heilsuviku Hrunamannahrepps sem haldin verður fyrstu vikuna í september 2025.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

- Afmælisnefnd 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps: Fundargerð 3. fundar frá 13. maí 2025.**  
Lögð fram fundargerð 3. fundar Afmælisnefndar 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

- Fundargerð 302. fundar skipulagsnefndar frá 14. maí 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. maí sl.**  
Lögð fram fundargerð 302. fundar skipulagsnefndar frá 14. maí 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. maí sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

#### **Mál nr. 23. Reitur ÍB3 Flúðum: Skilmálabreyting á íbúðarsvæði; Aðalskipulagsbreyting.**

Lögð er fram, eftir kynningu, tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til reits ÍB3 innan þéttbýlisins á Flúðum. Í breytingunni felst heimild fyrir auknu byggingarmagni og hæðum bygginga innan svæðisins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna reits ÍB3 verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna reits IB3 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir að*

*SS*

*ARJ*

*HJS*

*DGS*

*BW*

*YH*

*tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.*

**Mál nr. 24. Vesturbrún 2-8 og 10-20: Þjónustuíbúðir og félagsþjónusta; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar, eftir kynningu, sem tekur til Torfudals og Vesturbrúnar í Hrunamannahreppi. Við Vesturbrún er fyrirhugað að reisa þjónustuíbúðir og félagsþjónustu fyrir aldraða. Í breytingunni felst að núverandi íbúðir sem eru á einni hæð við Vesturbrún 10, 12 og 14 verði fjarlægðar og nýtt eins til tveggja hæða íbúðarhús auk kjallara og bílageymslu neðanjarðar byggt í þeirra stað. Áætlað er að í húsinu verði 28 þjónustuíbúðir fyrir aldraða auk 400 fm þjónustukjarni á einni hæð þar sem í verður félagsaðstaða aldraðra og matsalur. Íbúðarhúsin að Vesturbrún 2, 4, 6 og 8 og að 16, 18, og 20 komi til með að standa en þau verða endurgerð og íbúðum í þeim fjölda.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulagsbreytingar sem samþykkt er til auglýsingar samhliða deiliskipulagi þessu.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulagsbreytingar sem samþykkt er til auglýsingar samhliða deiliskipulagi þessu.*

**Mál nr. 32. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. maí sl.**

*Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. maí sl.*

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

4. **Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 34. fundar frá 28. apríl 2025.**  
Lögð fram fundargerð 34. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

5. **Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð vorfundar frá 28. apríl 2025.**  
Lögð fram fundargerð vorfundar Brunavarna Árnessýslu.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

6. **Bergrisinn bs.: Fundargerð 84. stjórnarfundar frá 25. apríl 2025.**  
**-Ásamt ársreikningi 2024.**  
Lögð fram fundargerð 84. stjórnarfundar Bergrisans bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

7. **Arnardrangur hses.: Fundargerð 22. stjórnarfundar frá 7. apríl 2025**  
Lögð fram fundargerð 22. stjórnarfundar Arnardrangs hses.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

8. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 244. fundar frá 2. maí 2025.**  
**-Ásamt tillögu að fjárhagsáætlun 2025.**  
Lögð fram fundargerð 244. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt tillögu að fjárhagsáætlun 2025.

*Fundargerðin ásamt tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2025 lögð fram til kynningar.*

ABJ  
BVR  
DGS  
KVS

**9. Tónlistarskóli Árnesinga bs.: Fundargerð vorfundar frá 28. apríl 2025.**

Lögð fram fundargerð vorfundar Tónlistarskóla Árnesinga bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**10. Umsagnarbeiðni frá SASS um drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2025-2029 frá 15. maí 2025.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá SASS um drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2025-2029.

*Lagt fram til kynningar.*

**11. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands frá 12. maí 2025.**

Lagt fram bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands sem sent er á öll sveitarfélög á Suðurlandi. Þau vilja að gefnu tilefni áréttu að jarðboranir eru starfsleyfisskyld starfsemi og skal sækja um leyfi til heilbrigðisnefndar fyrir hverju borverkefni fyrir sig. Meðfylgjandi er álit Umhverfisstofnunar um sama mál.

*Lagt fram til kynningar.*

**12. Bréf frá Sambandi sunnlenskra kvenna frá 6. maí 2025.**

Lagt fram bréf frá Sambandi sunnlenskra kvenna sem er afrit af erindi sem sent er til Héraðsnefndar Árnesinga, þar er þakkað er fyrir veittan styrk starfsárið 2024 og jafnframt óskað eftir áframhaldandi stuðningi Héraðsnefndar.

*Lagt fram til kynningar.*

**13. Bréf um þáttöku í Evrópskri Samgönguviku, ódagssett.**

Lagt fram bréf um þáttöku í Evrópskri Samgönguviku sem haldin er dagana 16. - 22. september ár hvert. Markmið vikunnar er að kynna fyrir íbúum í þéttbýli fjölbreytta samgöngumáta sem eru vistvænir, hagkvæmir og bæta heilsu fólks um leið og þeir hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Þemað árið 2025 er *Samgöngur fyrir öll* þar sem m.a. er horft til aðgengismála ólíkra hópa og innan sveitarfélaga.

*Lagt fram til kynningar.*

**14. Bréf frá Byggðaþróunarfulltrúa Uppsveita frá 12. maí 2025.**

Lagt fram bréf frá Byggðaþróunarfulltrúa Uppsveita vegna áforma um innleiðingu á verkefninu *Gefum íslensku séns* en markmið verkefnisins er að efla íslenskukunnáttu fólks af erlendum uppruna með þáttöku atvinnulífsins og samfélagsins. Lögð er áhersla á að byggja upp tengsl við vinnustaði þar sem starfsfólk af erlendum uppruna getur lært og æft íslensku í tengslum við daglegt líf.

*Sveitarstjórn fagnar þeirri vinnu sem byggðaþróunarfulltrúi hefur sett í gang og mun styðja við verkefnið eins og kostur er.*

**15. Beiðni um að fallið sé frá forkaupsrétti.**

Lögð fram beiðni frá Lögmönnum Suðurlandi um að sveitarfélagið falli frá forkaupsrétti að Ásastíg 4b, fnr. 220-4099.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að falla frá forkaupsrétti að umræddri eign.*

**16. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Samþykkt að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn venju samkvæmt eða þann 5. júní 2025, kl. 14:00.

DGS ARJ  
Bv JPA

## **Fjárhagsleg málefni:**

### **17. Minnisblað varðandi „Bara tala“ í Hrunamannahreppi frá 16. maí 2025.**

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra varðandi verkefnið „Bara tala“ í Hrunamannahreppi. Í minnisblaðinu kemur fram að markmið verkefnisins sé að styðja við íslenskunám erlends starfsfólks Hrunamannahrepps með aðgengilegri og sérsviðinni stafrænni lausn sem byggir á íslenskri máltaekni. Leikskólastjóri mun halda utan um verkefnið sem væntanlega er styrkhæft úr sjóðum Starfsmenntar.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kaupa aðgang að „Bara tala“. Sveitarstjóra er falið að sækja um styrk vegna verkefnisins.*

### **18. Minnisblað varðandi breytingar á Flúðaskóla frá 19. maí 2025.**

Lagt fram minnisblað varðandi breytingar á innra skipulagi Flúðaskóla vegna flutnings Félagsmiðstöðvarinnar Zero og Frístundar inn í skólahúsnaðið. Í minnisblaðinu er kynnt forsaga málssins og vinna starfshóps sem vann tillögurnar sem hér eru lagðar fram í samvinnu við innahússhönnuð. Einnig eru lagðar fram hönnunartillögur að öllum þessum rýmum auk tillagna að breytingu á anddyri og mótneyti. Kostnaður gæti numið um 20 m.kr. við alla framkvæmdina.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða þær tillögur sem hér eru lagðar fram og felur yfirmanni eignasjóðs að hrinda þeim í framkvæmd í sumarfríi Flúðaskóla. Áfangaskipting gæti verið nauðsynleg með tilliti til þeirrar fjárveitingar sem hér hefur verið samþykkt og mun sveitarstjóri fylgja þeirri umræðu eftir.*

### **19. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.**

Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðaukann við fjárhagsáætlun ársins 2025. Viðaukinn mun ekki hafa áhrif á heildarfjárhæð til fjárfestinga þar sem eingöngu er verið að færa fjármuni á milli verkefna. Rekstrarlega í A hluta mun þetta heldur ekki hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu þar sem fært er út af liðnum ófyrirséð til síðari nota og inn á þá liði sem nú þurfa aukið fjármagn eins og til dæmis vegna nýgerðra kjarasamninga kennara.*

## **Mál til kynningar:**

### **20. Ungmennafélag Hrunamanna: Ársreikningur 2024 ásamt ársreikningi Bjarkasjóðs og Körfuknattleiksdeildar Ungmennafélags Hrunamanna.**

*Lagt fram til kynningar.*

### **21. Orlof húsmæðra: Ársreikningur 2024 ásamt skýrslu orlofsnefndar 2024.**

*Lagt fram til kynningar.*

### **22. Bréf frá Stóru - Laxárdeild Veiðifélags Árnesinga vegna stofnun nýs veiðifélags við Stóru-Laxá.**

*Lagt fram til kynningar.*

*Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:15.*

Alexandra Rós Jónhannesdóttir  
Bjarni Vigur Þórsson  
Harður Þórðarson  
Aldi Jónasson